

**562. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. júní 2021 og
hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Daniel Jakobsson aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Ofanflóðavarnir við Flateyri - Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna snjóflóðagrinda - 2021040006

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar sækir um framkvæmdarleyfi f.h. Ísafjarðarbæjar og Framkvæmdasýslu Ríkisins vegna uppsetningar á snjósöfnunargrindum ofan upptakasvæðanna Skollahvilftar og Innra-Bæjargils á Flateyri. Fylgigögn eru verklýsing dags. júní 2021, yfirlitsmynd nr. U61.06.110, staðsetning grinda á uppdrætti U61.06.111 og staðsetning lagersvæðis U61.06.112

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila framkvæmdaleyfi vegna uppsetningu snjósöfnunargrinda ofan upptakasvæðanna Skollahvilftar og Innra-Bæjargils á Flateyri skv. 13. gr. skipulagslaga 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

2. Umsókn um afnot af svæði undir hjólabrautir - 2019010058

Lagður fram samningur Ísafjarðarbæjar við Hjólreiðadeild Vestra.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs að ganga frá samningum við Hjólreiðadeild Vestra.

3. Kláfur upp Eyrarhlíð - 2019070011

Lagt fram bréf Egils Þórarinssonar og Jakobs Gunnarssonar f.h.

Skipulagsstofnunar, dags. 2. júní 2021, þar sem kynnt er ákvörðun um matsskyldu á uppsetningu kláfs í hlíðum Eyrarfjalls á Ísafirði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að framkvæmdin kunnir að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðunin er kæránleg og er kærufrestur til 9. júlí 2021.

Lagt fram til kynningar.

4. Arnarfjörður - lagning jarðstrengs og sæstrengs milli Mjólkár og Bildudals - 2021050062

Kynnt fyrirhuguð áform Landsnets vegna lagnaleiðar fyrir 66 kV háspennustreng á milli aflstöðvarinnar í Mjólká og að Hrafnsseyri.

Lagt fram til kynningar.

5. Upplýsingar um staðföng í Ísafjarðarbæ - 2019010063

Kynntur tölvupóstur dags. 24. nóvember 2020 frá Katrínu Hólm Hauksdóttur, hjá Landeignaskrá, vegna staðfanga sem þarf að uppfæra m.v reglugerð um staðföng 577/2017.

Lagt fram til kynningar.

6. Tunguskógur 55, 400. Umsókn um lóðarleigusamning - 2021040073

Kristinn Þ. Kristjánsson og Einar Valur Kristjánsson f.h. Hansínu ehf. sækja um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir Tunguskóg 55 á Ísafirði. Fylgiskjöl eru undirrituð umsókn frá 23. apríl 2021 og mæliblað Tæknideildar frá 1. júní 2021.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Tunguskóg 55, Ísafirði.

7. Sjávangata 12, Þingeyri. Umsókn um deiliskipulagsbreytingu - 2021060013

Sigurður U. Sigurðsson verkfræðingur sækir um heimild til breytinga á deiliskipulagi Þingeyrar, vegna lóðarinnar Sjávangötu 12, sótt er um stækkun byggingarreits vegna fyrirhugaðra áforma

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingu á deiliskipulagi í samræmi við II. mgr. 43 gr. skipulagslaga.

8. Mjallargata 5, Ísafirði. Kært til Úua 2021 vegna höfnunar á stöðuleyfi - 2021060011

Afrít stjórnarsýslukæru, móttækin 25. maí 2021 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar um höfnun stöðuleyfisumsóknar kæranda fyrir gáma við Mjallargötu 5, lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

9. Umburðarbréf vegna breytinga á jarðalögum nr. 81/2004 - 2021060009

Kynntar breytingar á jarðalögum sem öðlast munu gildi 1. júlí 2021, sem snúa að einföldun á regluverki, vernd landbúnaðarlands og upplýsingaskyldu.

Lagt fram til kynningar.

10. Hafrafellsháls - skógrækt - 2019060060

Á 1155. fundi bæjarráðs þann 31. maí 2021 mættu Jóhann Birkir, Hildur Dagbjört og Gísli Eiríksson til fundar til umræðu um mögulega gróðursetningu á Hafrafellshálsi, auk annarra mála tengdum skógræktarmálum.

Bæjarráð fól bæjarstjóra að kalla eftir uppfærðri tímaáætlun frá Ofanflóðasjóði, um að afmá veginn eins og fyrirhugað er.

Bæjarráð vísar málinu jafnframt til kynningar í skipulags- og mannvirkjanefnd, og umhverfis- og framkvæmdanefnd.

Lagt fram til kynningar.

11. Önundafjörður - gönguleiðir Klofningsdalur Þorfinnur - 2021050039

Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri á Flateyri, sækir um að setja upp merktu

gönguleiðir og skilti um Klofningsdal og upp á Þorfinn, Öfundarfirði. Fylgiskjöl eru tölvupóstur frá 3. júní 2021 ásamt greinargerð, uppdráttum á leiðum og skýringarmyndum af sambærilegri náttúrustígagerð.

Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar náttúrustígagerð um Klofningsdal en kallað er eftir heimild landeigenda við Þorfinn, Öfundarfirði. Nefndin tekur undir rök þess efnis að framkvæmdin teljist óveruleg og er ekki framkvæmdaleyfisskyld.

12. Hafnarstræti 26, Þingeyri. Umsókn um atvinnuhúsalóð - 2021040026

Á 477. fundi bæjarstjórnar var samþykkt að vísa málinu frá og það þyrfti að skoða lóðamörk betur m.t.t. nálægðar við sjó.

Lagt fram til kynningar.

13. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 40 - 2102010F

13.1 2021020054 - Ártunga 2, umsókn um byggingarleyfi

Þar sem meira en ár er liðið frá afhendingu lóðar og byggingarfrestur því liðinn, er málinu vísað til skipulags- og mannvirkjastofnunar til umsagnar um framlengingu á byggingarfrest.

13.2 2021020050 - Freyjugata 2, Suðureyri - Breytingar á fiskvinnslu

Erindi frestað, gera þarf grein fyrir á uppdrætti brunamótstöðu hurða og veggja með vísan í gr. 9.6.13. byggingarreglugerðar

13.3 2021020062 - Kirkjuból, Korpudal_ Umsókn um byggingarleyfi, virkjun

Erindi frestað. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Eins er þeim framkvæmdum sem sótt er um byggingarleyfi fyrir, nú þegar lokið. Erindi er því vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

13.4 2021020029 - Kirkjuból Korpudal_ Umsókn um byggingarleyfi, frístundahús

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Erindi er vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar með vísan í gr. 5.9.1 í skipulagsreglugerð 90/2013

13.5 2020030080 - Umsókn um byggingarleyfi - Mávagarður A

Byggingaráform samþykkt, samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarleyfi verður gefið út þegar skylirðum greinar nr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

13.6 2021010137 - Æðartangi 12, Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt

13.7 2021010110 - Kollsá, Grunnavík - umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráformum er synjað með vísan í ákvæði F2 í töflu 7.19 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020

14. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 41 - 2102020F

- 14.1 2016050066 - Dagverðardalur 2 fyrirspurn um stækkun.

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

Óskað er eftir undirrituðum aðaluppdráttum.

- 14.2 2021020136 - Sætún 10-12, umsókn um byggingarleyfi (Ný umsókn)

Erindi frestað með vísan í athugasemdir. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu.

- 14.3 2020120042 - Hafnarbakki 8, Umsókn um byggingarleyfi

Samþykkt. Framkvæmdin samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa

- 14.4 2020030080 - Umsókn um byggingarleyfi - Mávagarður A

Erindi frestað, óskað er eftir frekari gögnum með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa og skoðunarskýrslur

- 14.5 2020090038 - Skólagata 8, umsókn um byggingarleyfi

Erindi er vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umsagnar um hvort hæð húsa sé í samræmi við deiliskipulag svæðisins, og þá hvort þörf sé á grenndarkynningu.

15. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 42 - 2103018F

- 15.1 2019030069 - Sundstræti 25a (Messíönuhús) - Umsókn um byggingaleyfi

Samþykkt. Framkvæmdin samræmist ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

- 15.2 2020030080 - Umsókn um byggingarleyfi - Mávagarður A

Samþykkt. Framkvæmdin samræmist ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Óskað er eftir uppfærðum séruppdráttum er snúa að fráveitu áður en sá verkþáttur hefst með vísan í gr. 2.4.4 byggingarreglugerðar 112/2012

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa

- 15.3 2021020054 - Ártunga 2, ný umsókn um byggingarleyfi

Sökum þess að bygging er að hluta til utan byggingarreits er erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.

- 15.4 2021030081 - Ártunga 4. Umsókn um byggingarleyfi

Sökum þess að bygging er að hluta til utan byggingarreits er erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.

- 15.5 2021030036 - Suðurgata 9, umsókn um stöðuleyfi fyrir gáma
Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.
- 15.6 2021010022 - Gámar og lausafjármunir 2021-22, stöðuleyfi
Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.
- 15.7 2021010022 - Gámar og lausafjármunir 2021-22, stöðuleyfi
Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.
- 15.8 2021010022 - Gámar og lausafjármunir 2021-22, stöðuleyfi
Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.
- 15.9 2020090038 - Skólagata 8, umsókn um byggingarleyfi (Matshluti 1)
Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012
Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.
- 15.10 2020090038 - Skólagata 8, umsókn um byggingarleyfi (Matshluti 2)
Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012
Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.
- 15.11 2020090038 - Skólagata 8, umsókn um byggingarleyfi (Matshluti 3)
Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa
- 15.12 2021030083 - Ránargata 2, Flateyri. Stækkun byggingarreits
Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.
- 15.13 2021020136 - Sætún 10-12, umsókn um byggingarleyfi (Ný umsókn)
Erindi frestað með vísan í athugasemdir.
Óskað er eftir brunahönnun mannvirkis með vísan í gr. 9.2.4 byggingarreglugerðar 112/2012

16. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 43 - 2103028F

- 16.1 2020080018 - Engjavegur 7, 400. Umsókn um byggingarleyfi -dyr og verönd
Byggingarfulltrúi vísar málinu til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar
- 16.2 2019060068 - Skeiði 10 - Umsókn um byggingarleyfi
Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.
Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa

verið uppfyllt.

16.3 2021020136 - Sætún 10-12, umsókn um byggingarleyfi (Ný umsókn)

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

Óskað er eftir undirrituðum aðaluppdráttum bæði af hönnuði breytinga sem og hönnuði brunavarna.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

16.4 2021030118 - Túngata 15, Umsókn um breytingu á útliti húss

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

Framkvæmdarleyfi verður veitt er fyrir liggur undirrituð yfirlýsing burðarþolshönnuðar um að framkvæmdin rýri ekki burð hússins.

Óskað er eftir undirrituðum uppdráttum.

16.5 2021030119 - Hesteyri-Þjónustuhús_ Umsókn um byggingarleyfi

Erindinu er vísað til skipulags- og mannvirkjanefnd til umfjöllunar og mats á hvort grenndarkynningar sé þörf.

16.6 2021030120 - Dagverðardalur 17, ný umsókn um byggingarleyfi

Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar og mats á því hvort grenndarkynna þurfi á ný.

16.7 2021030121 - Silfurgata 8b, Umsókn um leyfi til Útlitsbreytinga

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:45

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Lína Björg Tryggvadóttir

Daníel Jakobsson

Axel Rodriguez Överby

